

## MINNISBLAÐ

Dags.: 19. maí 2024  
Efni: Möguleg refsíabyrgð fyrrum framkvæmdastjóra og endurskoðanda  
Til: Stjórnar Blaðamannafélags Íslands  
Frá: LOGOS lögmannsþjónustu

### 1 INNGANGUR

Stjórn Blaðamannafélags Íslands hefur leitað til undirritaðs lögmanns hjá LOGOS lögmannsþjónustu og óskað eftir samantekt um mögulega refsíabyrgð fyrrum framkvæmdastjóra og endurskoðanda félagsins vegna háttsemi þeirra í starfi.

Samantektin er byggð á úttekt KPMG á tilteknum færslum í bókhaldi Blaðamannafélagi Íslands og ábendingum þeirra um atriði sem komu upp við skoðun á gögnum félagsins.

Í þessu minnisblaði er sú forsenda gefin að atriði sem koma fram í úttekt KPMG séu sönn og rétt miðað við fyrirliggjandi gögn sem KPMG hafði aðgang að en ég hef ekki skoðað þau sérstaklega.

### 2 MÖGULEG REFSIÁBYRGÐ FYRRUM FRAMKVÆMDASTJÓRA FÉLAGSINS

#### 2.1 Almenn hegningarlög nr. 19/1940

Við skoðun á bókhaldsfærslum frá árunum 2014-2023 kom í ljós að stofnað hafði verið til kostnaðar sem bar ekki með sér að snúa að rekstri félagsins. Þar kom m.a. í ljós að fyrrum framkvæmdastjóri millifærði á sjálfan sig tæpar 9,2 m.kr. á 7 árum og lét færa í bókhaldi sem fyrirfram greidd laun. Umræddar greiðslur voru frá 100 þús. kr. til 1,5 m.kr. í hvert sinn og voru þær ekki endurgreiddar fyrr en allt að sex mánuðum liðnum. Alls var um að ræða 28 millifærslur á löngu tímabili. Endurgreiðslurnar fóru ekki í gegnum launakerfi heldur voru millifærðar til félagsins, eins og um endurgreiðslu á láni væri að ræða. Engin af þessum millifærslum eða lánveitingar heilt yfir voru með samþykki eða vitneskju stjórnar félagsins. Tekið skal fram að á hluta tímabilsins var framkvæmdastjóri einnig formaður stjórnarinnar.<sup>1</sup>

Fyrrum framkvæmdastjóri hóf að greiða sér ökutækjastyrk árið 2018 umfram það sem samið var um í launakjörum ásamt greiðslu á dagpeningum. Var það aldrei borið undir eða samþykkt af stjórn. Tengdist kostnaðurinn ferðum vegna orlofshúsa og funda. Alls voru greiddar 3,2 m.kr. á árunum 2018-2023. Þess utan voru sambærilegar greiðslur til tengdra aðila að fjárhæð 1,6 m.kr.

Þá hefur félagið gjaldfært kostnað vegna kaupa á átta sínum fyrir framkvæmdastjóra á árunum 2014-2023 fyrir 1,2 m.kr. auk kaupa á 10 tölvum á sama tímabili fyrir 2,4 m.kr. fyrir framkvæmdastjóra. Þessi útlát eru langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Samkvæmt okkar upplýsingum eru hvorki símar né tölvur fyrir allt þetta fjármagn

<sup>1</sup> Það á vitaskuld ekki að viðgangast að sami maður gegni formennsku stjórnar og sé framkvæmdastjóri á sama tíma. Með því hefur eftirlitshlutverki stjórnar með störfum framkvæmdastjóra verið kipt úr sambandi. Ekki er vikið sérstaklega að þessu í minnisblaðinu enda utan efni þess auk þess sem þessari eldri framkvæmd hefur verið breytt hjá Blaðamannafélagi Íslands.

til staðar hjá félaginu. Þótt það þurfi að uppfæra bæði tölur og síma reglulega er þetta engu að síður óeðlilegar tölur á tímabilinu.

Framangreind háttsemi fyrrum framkvæmdastjóra með lánveitingum til sjálfs síns án samþykkis stjórnar, greiðslur ökutækjastyrks og dagpeninga umfram heimildir og mögulega með kaupum á lausafé verulega umfram ástæður og til persónulegra nota fellur að öllum líkindum undir fjárdrátt samkvæmt 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (hér eftir hgl.). Ákvæðið er svohljóðandi:

*Dragi maður sér fjármuni eða önnur verðmæti, sem hann hefur í vörslum sínum, en annar maður er eigandi að, án þess þó að verknaðurinn varði við 246. gr., þá skal hann sæta fangelsi allt að 6 árum.*

*Hafi maður notað peninga annars manns heimildarlaust í sjálfs sín þarfir, þá skal honum refsað fyrir það samkvæmt 1. mgr., hvort sem honum hefur verið skylt að halda peningunum aðgreindum frá sínu fé eða ekki.*

Það sem einkennir fjárdrátt er að gerandi hafi fjárverðmæti þriðja aðila, eigandans, í vörslum sínum þegar tileinkun á sér stað. Þá ráðstafar gerandinn þeim í eigin þágu sem er eigandanum óviðkomandi og er án hans samþykkis.

Fullframning refsibrots á borð við fjárdrátt miðast við það stig í verknaðarferlinu þegar gerandi, í skjóli aðstöðu sinnar sem vörsluhafi verðmæta, fer að líta á þau sem eigin eign og fer með þau á þann veg. Veruleg líkindi eru með skilgreiningu á fjárdrætti og og þeirri háttsemi fyrrum framkvæmdastjóra félagsins sem að framan var lýst þar sem hann hefur gengið mjög frjállega um sjóði félagsins með lánveitingum og annarri nýtingu fjármuna sem hann á ekki tilkall til án samþykkis stjórnar félagsins. Um leið og færslurnar áttu sér stað var í raun búið að fullfremja refsibrotið. Óheimil meðferð fjárins er virt sem fjárdráttur óháð verulegri fjártjónshættu, þ.e. óháð líkum á endurgreiðslu og óháð því hvort endurgreiðsla á sér stað á síðari stigum, líkt og virðist hafa verið raunin með „lánveitingar“ í 28 skipti yfir langan tíma.

Í dómaframkvæmd hefur verið talið að undir fjárdrátt falli sú háttsemi að draga sér fjármuni félags með millifærslu af reikningum, greiðslu reikninga í eigin þágu og greiðslu með debetkorti af reikningi félags. Aftur á móti hefur misnotkun á kreditkorti verið talin falla undir 249. gr. hgl. um umboðssvik þegar notkun korta er án heimilda og með öllu ótengd störfum aðila fyrir félag. Framkvæmdin hefur verið sú að þegar ákært er fyrir fjárdrátt er 249. gr. hgl. um umboðssvik höfð til vara þar sem refsímörkin eru lægri en varðandi fjárdrátt.

Með framangreindri háttsemi hefur fyrrum framkvæmdastjóri að mínu mati misnotað þá aðstöðu sem hann fékk í krafti umboðs til ráðstöfunar á fjármunum félagsins í skilningi hgl. Ef ekki væri fallist á fjárdrátt yrði að öllum líkindum fallist á umboðssvik þar sem andlag ákvæðisins er miklu víðtækara en andlag fjárdráttar.

Það er skilyrði fyrir refsingu samkvæmt XXVI. kafla hgl. að brot hafi verið framið í auðgunarskyni, sbr. 243. gr. hgl. Komi til kæru og síðar ákæru yrði að líkindum ekki erfitt að sýna fram á slíka persónulega auðgun framkvæmdastjórans. Við mat á refsingu, ef málið færi í kærufæri og síðar væri möguleg ákæra gefin út, yrði litið til þess að háttsemin var viðhöfð um árabíl. Til málsbóta yrði væntanlega litið til þess að hann endurgreiddi lánin til baka samkvæmt okkar skilningi sem og greiddi félaginu fyrir tölvu þegar þess var krafist að henni væri skilað eftir starfslok.

Fyrir utan framangreind atriði sem ég tel mögulega geta verið refsiverð þá eru rakin ýmis atriði í skýrslu KPMG sem snúa að styrkveitingum, veitinga- og ferðakostnaði o.fl. þar sem ekki virðist hafa verið sótt heimild til stjórnar. Tekið er undir með KPMG að slíkt feli í sér áhættu á misferli en ekki þarf að vera um refsiverða háttsemi að ræða og ekki auðgun í eigin reikning, þótt það sé vissulega möguleiki. Hér er að mínu mati frekar

um að ræða lausung í daglegum rekstri félagsins, skort á skýrum verklagsreglum og lélegt utanumhald á skrifstofu félagsins sem er á ábyrgð framkvæmdastjóra. Er nærtækara að heimfæra það sem lélega framkvæmdastjórn frekar en refsiverða háttsemi. Tekið er undir þær tillögur um úrbætur sem raktar eru í skýrslu KPMG.

## 2.2 Lög um bókhald nr. 145/1994

Ljóst er að fyrrum framkvæmdastjóri millifærði á sjálfan sig tæpar 9,2 m.kr. og lét færa í bókhaldi sem fyrirfram greidd laun. Var það án heimildar og án vitneskju stjórnar félagsins. Greiðslurnar komu ekki fram á launaseðlum hjá fyrrum framkvæmdastjóra og því ekki hægt að rekja í bókhaldi að greiðslurnar tengist fyrirfram greiddum launum.

Í 1. mgr. 6. gr. laga um bókhald segir að haga skuli bókhaldi þannig að á skýran og aðgengilegan hátt megi rekja viðskipti og notkun fjármuna. Í 1. mgr. 8. gr. sömu laga segir að sérhver færsla í bókhaldi skuli vera byggð á áreiðanlegum og fullnægjandi gögnum sem rekja megi til viðskiptanna og að ytri sem innri gögn skuli fela í sér upplýsingar sem nægi til réttmætrar skráningar í bókhaldið.

Framangreind háttsemi fyrrum framkvæmdastjóra felur að mínu mati að líkindum í sér brot gegn 1. mgr. 6. gr. og 8. gr. laga um bókhald og varðar þar af leiðandi við 2. tölul. 1. mgr. 37. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 38. gr. laganna. Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 37. gr. laganna telst það ætíð meiri háttar brot gegn lögnum ef fyrirvarsmaður lögaðila varðveitir ekki fylgiskjöl eða önnur bókhaldsgögn eða gerir það á svo ófullnægjandi hátt að ógerningur sé að rekja bókhaldsfærslur til viðskipta. Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 38. gr. laganna gerist fyrirvarsmaður lögaðila sekur um refsivert brot gegn þeim ef hann hagar ekki bókhaldi lögaðilans á nægilega skýran, öruggan og aðgengilegan hátt.

Í 36. gr. laganna er kveðið á um að brot gegn 37. gr. og önnur meiri háttar brot gegn 38. gr. varði refsingu samkvæmt 2. mgr. 262. gr. hgl. Framangreind háttsemi fellur að öllum líkindum undir 2. mgr. 262. gr. hgl. Væri því rétt að halda þessum ákvæðum til haga í kæru kjósi stjórn félagsins að fara þá leið.

## 2.3 Niðurstaða

Samkvæmt framangreindu er það mitt mat að háttsemi fyrrum framkvæmdastjóra sem að framan er lýst sé verulega ámælisverð og jafnvel refsiverð, sbr. tilvitnuð lagaákvæði. Vitaskuld á ekki að taka það léttvægt að leggja fram kæru til lögreglu og því væri e.t.v. rétt að gefa honum kost á að tjá sig um tilvitnaðar ásakanir áður en lagt er í slíkan leiðangur.

Þetta er tekið fram því samkvæmt okkar upplýsingum ræddi KPMG ekki við fyrrum framkvæmdastjóra þegar þeir unnu sína skoðun á bókhaldinu. Þannig hafa mögulegar útskýringar á einstökum færslum, séu þær til staðar, ekki verið teknar til sérstakrar skoðunar eða mats á því hvort það hefði áhrif varðandi heimildir hans til þeirra færslna sem um ræðir. Það kann því að vera skynsamlegt að stjórn ræði við fyrrum framkvæmdastjóra áður en tekin verður ákvörðun um að kæra háttsemi hans til viðeigandi yfirvalda.

## **3 MÖGULEG REFSIÁBYRGÐ ENDURSKOÐANDA FÉLAGSINS**

### 3.1 Lagarammi endurskoðenda

Varðandi mögulega refsíábyrgð endurskoðanda félagsins vegna aðkomu hans að áritun ársreiknings Bláðamannafélags Íslands koma til skoðunar lög um ársreikninga nr. 3/2006 sem og lög um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019. Þá er einnig rétt að nefna að löggiltir endurskoðendur eru einnig háðir eftirliti Endurskoðendaráðs sem hefur tilteknar valdheimildir til að beita gegn þeim sem brjóta reglur um endurskoðun.

Í 2. tölul. 1. mgr. 123. gr. laga um ársreikninga er kveðið á um að endurskoðendur gerast sekir um refsiverð brot gegn lögum ef þeir haga störfum sínum andstætt ákvæðum laganna eða í ósamræmi við góða endurskoðunarvenju. Þá segir í 1. mgr. 122. gr. að það varði viðurlögum samkvæmt 124. gr. sömu laga að brjóta gegn ákvæðum sem þar eru upptalin. Þar koma helst til greina brot gegn 102. gr. um endurskoðun og yfirferð ársreiknings og 104. gr. laganna um áritun endurskoðenda á ársreikning. Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laganna varða alvarleg brot gegn 122. og 123. gr. við 2. mgr. 262. gr. hgl.

Þá er í 1. mgr. 51. gr. laga um endurskoðendur og endurskoðun kveðið á um að brot gegn ákvæðum sem þar eru upp talin varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi ekki þyngri refsing við brotum samkvæmt öðrum lögum. Þar koma helst til greina brot gegn 14. gr. laganna um skyldur endurskoðenda til að rækja störf sín í samræmi við lög og góða endurskoðunarvenju og 16. gr. laganna um að áritun endurskoðenda skuli vera í samræmi við lög, reglur og góða endurskoðunarvenju.

Endurskoðendur bera ábyrgð í samræmi við áritun sína á ársreikning. Þeir skoða ekki öll gögn og ber ekki að gera það. Það eru stjórn og stjórnendur sem bera ábyrgð á reikningsskilum sem upp eru sett og afhent til endurskoðanda hverju sinni. Hlutverk hans við endurskoðun felst í því sem fram kemur í áritun sem í tilviki Blaðamannafélags Íslands felst í staðfestingu á fjárhæðum og skýringum hverju sinni. Það er ekki hlutverk endurskoðanda félagsins í hefðbundinni endurskoðunarvinnu að leita að svikum eða undanskotum.

Samkvæmt dómaframkvæmd þá hefur ekki verið talið nægja að vísa til þess að störf endurskoðanda hafi ekki verið í samræmi við góða endurskoðunarvenju, heldur verður að greina skýrt frá því í hverju meint brot felst. Það þarf að vera hægt að benda á ákveðið dæmi eða gögn sem hefðu átt að vekja upp grunsemdir endurskoðanda að ekki væri allt með felldu og þar með ýtt á eftir frekari skoðun eða rannsókn eftir efni og ástæðu hverju sinni. Hafa endurskoðendur því iðulega verið sýknaðir eða málum vísað frá þar sem aðstaðan er með þeim hætt.

Þess eru dæmi um að endurskoðendur hafa sætt ábyrgð fyrir brot á starfskyldum sínum, bæði refsíábyrgð og skaðabótaábyrgð. En í dómaframkvæmd þá hefur þurft að finna tiltekin atriði sem þeir sáu eða máttu sjá til að vekja hjá þeim grunsemdir.

### 3.2 Niðurstaða

Miðað við þær upplýsingar sem ég hef úr skýrslu KPMG þá fæ ég ekki séð skýra stoð fyrir sérstakri kæru á hendur endurskoðandanum. Það er mikill ábyrgðarhluti að kæra endurskoðanda til lögreglu eða mögulega Endurskoðendaráðs. Ekki ber að gera það „til öryggis“ eða af því að það er hægt, heldur þarf að mínu mati meira að koma til svo hægt sé að réttlæta slíkt. Ég hef ekki séð þá réttlætingu í þessu tilviki.


Áður en það væri gert þyrfti í öllu falli að kanna samskipti fyrrum framkvæmdastjóra við endurskoðandann, gögn og upplýsingar sem fóru á milli þeirra í aðdraganda þess að ársreikningar voru áritaðir. Ef hægt er að sýna fram á, með haldbærum gögnum, að endurskoðandinn hafi vitað, eða mátt vita, um þau atriði sem ámælisverð (og mögulega refsiverð) töldust á vakt fyrrum framkvæmdastjóra félagsins kann ráðgjöfin að vera á annan veg.

---

Þetta minnisblað er unnið að beiðni formanns stjórnar Blaðamannafélags Íslands og í þágu þeirrar ákvörðunar sem stjórn félagsins stendur frammi fyrir varðandi viðskilnað við fyrrum framkvæmdastjóra. Er þetta minnisblað trúnaðarmál og óheimilt að birta það án leyfis undirritaðs.

Virðingarfyllst,

LOGOS lögmannsþjónusta

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Heiðar Ásberg Atlason', written over a horizontal line.

Heiðar Ásberg Atlason, lögmaður